

# ÁRSSKÝRSLA 2007



# ÁRSSKÝRSLA 2007

## EFNISYFIRLIT

	<b>Bls.</b>
Ávarp stjórnarformanns . . . . .	3
Inngangur framkvæmdastjóra . . . . .	4
Stjórn og starfsfólk Mímis-símenntunar . . . . .	6
Fjölmening og frístundir . . . . .	7
Nám fyrir atvinnulífið . . . . .	10
Náms- og starfsráðgjöf . . . . .	14
Erlent samstarf . . . . .	15
Þróunarverkefni . . . . .	16
Rekstrardeild . . . . .	19

Ársskýrsla 2007  
Ábyrgðarmaður: Hulda Ólafsdóttir  
Ritstjóri: Haukur Harðarson  
Hönnun og umbrot: Auglýsingastofan Einn, tveir og þrír  
Ljósmyndir: Thorsten Henn  
Prentun: Litlaprent

# ÁVARP STJÓRNARFORMANNS



Endur- og símenntun eru orðin jafn nauðsynleg og skyldunámið. Það kemst enginn áfram án þess að bæta við þekkingu sína og færni – sama hvaða starf um ræðir.

Það er staðreynd að aldrei hafa eins margir menntað sig eins mikið og nú. Frá árinu 2000 hefur fjöldi nemenda í háskólanámi tvöfaldast og tuttugufaldast í meistara- og doktorsnámi. Það er samt staðreynd að hér á landi er mjög stór hluti vinnuaflsins með skamma skólagöngu að baki, meðan þátttaka í símenntun er með því mesta sem gerist.

Mímir–símenntun ehf er orðið fimm ára gamalt fyrirtæki og þótt aldurinn sé ekki hár hefur mikið gerst á þessum árum. Fjöldi nemenda hefur margfaldast enda starfsemin miðuð við alhliða fræðslu fyrir almennig. Starfseminni er skipt upp í þrjú fagsvið: Námskeið fyrir einstaklinga, náms- og starfsráðgjöf og nám fyrir atvinnulífið.

Í flokknum Námskeið fyrir einstaklinga er margbreytileikinn alls ráðandi og námskeið fyrir börn og fullorðna eru við allra hæfi. Þar geta verðandi listamenn fundið sig og ferðalangar geta fræðst um framandi staði. Þar er kafað ofan í verk meistara eins og Þórbergs Þórðarsonar og ótalmargt fleira. Námskeiðin Íslenska fyrir útlendinga eru þó lang fyrirferðarmest og hefur þeim fjölgað hressilega á undanförunum árum enda ærin ástæða fyrir því. Fjöldi útlendinga, sem flutt hefur til landsins, er auðvitað helsta skýringin en einnig hefur ríkisvaldið aukið myndarlega styrki til íslenskukennslu. Það er ekkert lát á aðsókn og námskeið fyllast á örskömmum tíma. Einnig er boðið upp á starfstengd íslenskunámskeið á vinnu-

stöðum. Námskeiðin eru kennd á vinnutíma starfsfólksins en lengd námskeiða og tímasetningar eru ákveðnar í samráði við vinnustaðinn. Starfsmennta-sjóðir stéttarfélaga styrkja námskeiðin.

Þá er komið að náms- og starfsráðgjöfinni en þar er markhópurinn fólk með stutta skólagöngu að baki, eða þeir sem ekki hafa lokið framhaldsskóla, en sá hópur er stór á Íslandi þar sem við stöndum enn langt að baki þeim þjóðum sem við berum okkur helst saman við. Það er þó tekið á móti öllum sem vilja starfs- og námsráðgjöf því eðlilega eru einhverjir sem vilja eða jafnvel þurfa að skipta um starfsvettvang.

Fólk sem á að baki stutta formlega menntun sækir helst nám á sviðinu Nám fyrir atvinnulífið. Í boði er nám eins og Verslunarfagnám, Jarðlagnatækni, Félagliðabrá og Leikskólabrá og er þetta einnig bært nám. Þessar námsleiðir eru í boði fyrir einstaklinga sem starfa við þessi fagsvið og í sumum tilfellum er hægt að meta starfsreynslu inn í námið. Margar aðrar námsleiðir eru í boði og má þar nefna Aftur í nám og Grunnmenntaskólann. Þessar námsleiðir hafa gagnast mörgum og má fullyrða að þær hafa breytt lífi fólks og það heldur betur til hins betra. Í tengslum við samninga Alþýðusambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins kemur ríkisvaldið að niðurgreiðslu ofanefndra námsleiða.

Hér á landi höfum við ekki glímt við þann vanda sem er landlægur í mörgum Evrópuríkjanna en það er atvinnuleysi. Við höfum oftast verið með vinnu fyrir allar vinnufúsar hendur og hefur það ýtt mörgum út í atvinnulífið í stað þess að ljúka skólagöngu enda löngum verið haft á orði að vinnan göfgi manninn og vinnusemi talin til dyggða. Þar geta hins vegar orðið breytingar á og verði þær að veruleika er staða þeirra sem eru með minnsta formlega menntun veikari en staða hinna. Það er því mikilvægt að fólk geri sér grein fyrir þessu og nýti sér þau fjölmörgu tækifæri sem fullorðinsfræðslan býður upp á.

Það eru spennandi tímar framundan í fræðslumálum fullorðinna og vert að minnast þess að „svo lengi lærir sem lifir“.

*Stefanía Magnúsdóttir*



# INNGANGUR FRAMKVÆMDASTJÓRA




Erlendir starfsmenn á vinnumarkaði hafa verið áberandi í starfi Mímis á fimmta starfsári fyrirtækisins. Þetta er hópur sem við teljum mikilvægt að þjóna vel enda eru þeir kallaðir til að styrkja stöðu íslensks atvinnulífs. Aldrei hafa fleiri einstaklingar af erlendum uppruna sótt íslenskunámskeið hjá Mími en árið 2007. Langflestir sækja almenn námskeið sem kennd eru á eftirmiðdögum og kvöldin en færri sækja morgunnámskeiðin. Aukning nemendastunda á almennum námskeiðum í íslensku er tæp 29%. Með tilkomu umtalsverðrar hækkunar á styrkveitingum menntamálaráðuneytisins til íslenskukennslu hefur verð námskeiðanna lækkað og ásóknin aukist.

Starfstengt nám hefur einnig verið í miklum blóma og var aukning nemendastunda tæp 24% á milli ára. Mestur hluti starfstengda námsins er vegna starfa í aðhlyningu og umönnun annars vegar og uppeldisstarfa á leikskólum hins vegar. Í báðum tilfellum gefst starfsfólki með stutta formlega skólagöngu kostur á að mennta sig fyrst með því að sækja fagnámskeið og að því loknu að fara í félagsliða- eða leikskólaliðanám. Þeir sem hafa lokið fagnámskeiðum, hafa tiltekna starfsreynslu og eru a.m.k. 22 ára, geta farið styttri leið að félags- og leikskólaliðanáminu með svokallaðri félagsliðabru og leikskólaliðabru.


Leitað hefur verið leiða til að mæta þörfum erlendra starfsmanna fyrir starfstengt námskeið með því að samtvinna íslenskukennslu og fagnámskeið. Með þessu móti gefst erlendu starfsfólki tækifæri til að komast fyrir en ella á fagnámskeið og læra íslenskuna samtímis. Reynslan sýnir okkur að þessi aðferð gefst vel, er mikil hvatning fyrir erlenda starfsmenn og stuðlar að auknu jafnrétti til náms óháð uppruna starfsmanna.

Náms- og starfsráðgjöf hefur fest sig í sessi og stöðugt fleiri leita nú eftir þjónustu náms- og starfsráðgjafa Mímis-símenntunar. Mikil reynsla og sérfræðipækking á sviðinu hefur eft starfið og bætt

## Fjöldi nemendastunda milli ára hjá Mími-símenntun



## Fjöldi nemenda Mímis-símenntunar




# INNGANGUR FRAMKVÆMDASTJÓRA

gæði þjónustu við markhóp Mímis. Á árinu fengu 745 einstaklingar ráðgjöf um nám og störf og mun fleiri fengu upplýsingar á kynningarfundum á vinnustað og hópráðgjöf.

Markhópur Mímis-símenntunar er fólk með stutta formlega skólagöngu og erlendir starfsmenn. Megin áhersla í starfi Mímis hefur snúið að því að þjóna þeim hópi sem best. Auk ofangreindra viðfangsefna hefur Mímir nú sem fyrr unnið að fjölda þróunarverkefna sem ýmist eru tilkomin að frumkvæði starfsfólks Mímis eða eru unnin í samstarfi við aðra. Öll verkefni stuðla að því að bæta þjónustu og auka gæði náms og námsefnis fyrir markhópinn. Unnið hefur verið t.d. að þróunarverkefni um náms- og starfsráðgjöf fyrir erlenda starfsmenn og eins hefur verið unnið að gerð netorðabókar á víetnömsku-íslensku og íslensku-víetnömsku.

Flestir tengja Mími við tungumálakennslu en þótt Mímir-símenntun sé nú meira en málaskóli þá leggjum við engu að síður mikla rækt við tungumálakennsluna. Hjá Mími er boðið upp á 17 tungumál á hverri önn og eru vinsældir tungumálanna almennt miklar. Enskan og spænska eru alltaf vinsæl en nokkur aukning hefur verið í eftirspurn eftir tungumálum frá fjarlægum málsvæðum t.d. japönsku og kínversku. Eins er aukinn áhugi á pólsku sem skýrist eðlilega af auknum fjölda Pólverja á Íslandi.

## Nemendastundir Mímis-símenntunar árið 2007



Áhersla á gæði á öllum sviðum hefur verið í forgrunni hjá Mími. Einn liður í því er að bæta skipulag skjalastjórnunar hjá fyrirtækinu. Undirbúningur að nýju skjalastjórnunarkerfi hófst á vormánuðum og í lok árs var málið komið á framkvæmdarstig, búið að hanna flokkunarkerfi, ákveða kerfi sem nota skyldi og stýrihópur mun halda áfram að stýra verkefninu til loka sumarið 2008.

Fullorðinsfræðsla er spennandi vettvangur og í örri þróun. Í vaxandi mæli er nú unnið að raunfærnimati sem er mikilvæg aðferð til að hvetja fólk til náms. Með raunfærnimati er þekking og reynsla fólks metin á kerfisbundinn hátt og það sem metið er á að nýtast til styttingar náms. Raunfærnimatið mun vega þyngra í starfi Mímis í framtíðinni en verið hefur og ber að fagna því.

*Hulda Ólafsdóttir, framkvæmdastjóri*



# STJÓRN OG STARFSFÓLK MÍMIS-SÍMENNTUNAR Í MAÍ 2008



## Í stjórn Mímis símenntunar sitja:

Frá vinstri: Stefán Ó. Guðmundsson, Sigurrós Kristinsdóttir, Stefanía Magnúsdóttir, formaður, Linda Baldursdóttir og Ólafur Darri Andrason.



## Fastráðið starfsfólk Mímis-símenntunar:

Anna Sigríður Aðalbjörnsdóttir, Rósa S. Jónsdóttir, Aðalheiður Sigurjónsdóttir, Sigurlaug B. Gröndal, Halldóra B. Smáradóttir, Ingibjörg Stefánsdóttir, Hulda Ólafsdóttir, Jóna Margrét Ólafsdóttir, Sólborg Jónsdóttir, Irma Matchavariani, Lena Hulda Nilsen, Þorbjörg Halldórsdóttir, Ingunn Guðmundsdóttir, Arnheiður Gígja Guðmundsdóttir, Hrefna Einarsdóttir, Rakel Steinvör Hallgrímsdóttir, Guðjón Sívertsen, Vala S. Valdimarsdóttir, Haukur Harðarson, Helga Björk Pálsdóttir og Þór S. Ólafsson

Á myndina vantar: Ernu Björk Gestsdóttur, Erlu Elíasdóttur, Hjördísi Kristinsdóttur, Jakobinu Cronin og Sigríði Dísu Gunnarsdóttur.

Auk þess kemur fjöldi starfsmanna að kennslu á einstökum námskeiðum og námsleiðum.

# FJÖLMENNING OG FRÍSTUNDIR



Á árinu 2007 voru haldin samtals 297 námskeið í deildinni Fjölmennning og frístundir. Þátttakendur voru samtals 3.192, 1.953 konur og 1.239 karlar. Námskeiðin skiptust í fjóra flokka: Tungumál, íslenska fyrir útlendinga, gagn og gaman og listir og menning. Þátttakendur á námskeiðunum voru á öllum aldri, þeir yngstu um fimm ára og þeir elstu yfir áttrett. Meirihluti nemenda var á miðjum aldri. Íslenska fyrir útlendinga var stærsti námskeiðsflokkurinn og fjölgar nemendum þar stöðugt. Samningur er í gildi frá árinu 2005 á milli Mímis símenntunar og Námsflokka Reykjavíkur um kennslu í íslensku fyrir útlendinga. Samningurinn nær til allt að 700 erlendra nemenda með búsetu í Reykjavík. Hliðstæðir samningar voru gerðir á árinu við fleiri sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu.

## Tungumál

Á hverri önn eru í boði 17 tungumál frá öllum heimshornum og eru mörg þeirra á mismunandi þyngdarstigum. Flestir kennaranna hafa tungumálið sem þeir kenna að móðurmáli. Námskeið eru bæði fyrir fullorðna og börn. Einkatímar eru einnig í boði og eykst eftirspurn þar ár frá ári.

Haldin voru samtals 91 tungumálanámskeið á árinu og flest voru 18 kennslustundir að lengd. Námskeiðin voru flest haldin á kvöldin en einnig voru í boði nokkur námskeið á dagtíma. Langflestir nemendur sóttu námskeið í spænsku og ensku. Á undanförunum árum hefur áhugi nemenda hjá Mími vaxið á málum frá fjarlægum málsvæðum. Japanska er spennandi tungumál og sótti ungt fólk þau námskeið. Námskeið í kínversku, rússnesku og arabísku sóttu þó nokkrir. Áhugi hefur vaxið á pólsku þar sem Pólverjum hefur fjölgað mikið hér á landi á stuttum tíma. Barnanámskeið í ensku og spænsku voru haldin á báðum önnum ásamt sérstökum sumarnámskeiðum. Tungumálið er leið okkar til þess að hafa tjáskipti og að eiga samskipti við annað fólk. Það eykur skilning okkar á ólíkri menningu og tengir okkur við land og þjóð. Því er tungumálakunnátta og símenntun í tungumálanámi öllum mikilvæg. Það færir í vöxt að félög og fyrirtæki sækist eftir tungumálanámskeiðum á vinnustað og höfum við sérsniðið þau eftir þeirra þörfum. Fimm námskeið fyrir vinnustaði voru haldin á árinu.



# FJÖLMENNING OG FRÍSTUNDIR



## Íslenska fyrir útlendinga


Haldin voru samtals 157 námskeið á árinu, 130 almenn námskeið og 27 starfstengd námskeið á vinnustöðum. Lengd þeirra var frá 30 og upp í 60 kennslustundir. Markmið námskeiðanna er að þjálfa nemendur í grunnþáttum tungumálsins með sérstakri áherslu á íslenskt talmál. Sérstakir byrjendahópar voru fyrir Taílandinga, Víetnama, Kínverja, skandinavískumælandi, spænskumælandi og nemendur sem tala slavnesk tungumál. Kennarar þessara hópa tala tungumál hópsins og nota það til stuðnings í kennslunni eftir þörfum. Á öðrum byrjendanámskeiðum er stuðst við ensku þótt kennsla fari að mestu leyti fram á íslensku. Kennst var á fimm stigum og að auki var boðið upp á ritunar- og talþjálfunarnámskeið fyrir lengra komna. Nemendur gátu komið í stöðumat sér að kostnaðarlausu til þess að meta kunnáttu sína og

finna námskeið við sitt hæfi. Útlendingar sem óska eftir að fá vottun um íslenskukunnáttu sína vegna umsóknar um búseturétt eða ríkisborgarétt hafa kost á því að taka próf hjá Mími-símenntun gegn vægu gjaldi. Á starfstengdu námskeiðunum var leitast við að tengja orðaforða við daglegar athafnir og nánasta umhverfi á vinnustaðnum. Kennst var í mörgum geirum atvinnulífsins, s.s. á heilbrigðisstofnunum, flutninga-, bygginga- og tæknifyrirtækjum.


## Gagn og gaman

Í þessum flokki voru haldin 39 námskeið á árinu, þrjú þeirra á vinnustað. Margt var í boði, s.s. golfnámskeið, saumanámskeið, þrjónanámskeið, föndurnámskeið af ýmsum toga, gjafaskreytinganámskeið, tölvunámskeið, tækninámskeið, útlitsnámskeið, nuddnámskeið, fjallaferðanámskeið, gítarnámskeið og

## Fjöldi nemendastunda 2003 – 2007



## Nemendastundir 2007 skipt eftir flokkum deildarinnar



# FJÖLMENNING OG FRÍSTUNDIR




margt fleira. Mörg þessara námskeiða nutu vinsælda og var aðsókn góð. Sumarnámskeið barna voru í júní og var Tækni-Legó mjög vinsælt.

## Listir og menning


Menningarnámskeið af ýmsum toga voru í boði í þessum flokki. 10 námskeið voru haldin á árinu. Námskeið

sem tengja saman ferðalög og fróðleik voru vinsæl. Haldin voru námskeið um Berlín og Toscana-héraðið á Ítalíu. Myndlistarnámskeið voru vel sótt og meðal annars var boðið uppá námskeið um innflytjendur, manga – japanskar myndasögur, leiklistarnámskeið og leiklistarnámskeið.

## Aldursdreifing á tungumála- og frístundanámskeiðum 2007



## Aldursdreifing á íslenskunámskeiðum fyrir útlendinga 2007



# NÁM FYRIR ATVINNULÍFIÐ



Árið einkenndist af fjölbreyttum og áhugaverðum verkefnum. Mikið var leitað til starfsfólks deildarinnar um þróun og framkvæmd ýmis konar námskeiða. Námskrám frá Fræðslumiðstöð atvinnulífsins hefur fjölgað og má segja að kennsla samkvæmt samningi við FA hafi orðið stærri þáttur í starfsemi deildarinnar.


## Starfstengd námskeið

Þetta eru námskeið sem tengjast beint starfi þátttakenda. Veruleg fjölgun varð í þessum þætti starfsemi á árinu.


Góð þátttaka var í svokölluðum fagnámskeiðum I og II fyrir starfsfólk sem starfar við umönnun. Þar

vekur athygli hversu hátt hlutfall þátttakenda er af erlendum uppruna eða um það bil 57%. Þessi þróun leiðir til þess að skipuleggja þarf námskeiðin að hluta til að nýju til þess að mæta þörf þessa fjölbreytta nemendahóps. Í því skyni var sótt um styrk til Þróunarsjóðs innflytjendamála og fékkst sá styrkur. Haldið var áfram með Félagsliðabréu og hófust þrjár nýjar Félagsliðabréur á árinu. Ein þeirra, Félagsliði í nýju landi, er sérstaklega ætluð starfsmönnum af erlendum uppruna sem starfa við aðhlýningu og umönnun. Námið er afrakstur þróunarverkefnis sem styrkur fékkst til frá Starfsmenntaráði árið 2006. Nemendur í Félagsliða í nýju landi læra það sama og aðrir nemendur í Félagsliðabréu en sérstakt tillit er tekið til þarfa nemenda sem ekki

## Starfsmenntanámskeið – fjöldi nemendastunda 2003-2007



## Aldursdreifing á starfsmenntanámskeiðum 2007





# NÁM FYRIR ATVINNULÍFIÐ

hafa íslensku að móturmáli. Gera má ráð fyrir mikilli aðsókn í sambærilegt nám á næstunni þegar sá stóri hópur nemenda af erlendum uppruna sem nú stundar nám á fagnámskeiðum, sem eru undanfari Félagsliðabráur, lýkur námi. Mikilvægt er að bjóða upp á starfsþróun af þessu tagi til þess að styrkja stöðu þessa hóps á vinnumarkaði. Það nýtist bæði vinnustaðnum, starfsmönnum og samfélaginu í heild.


Á árinu var þróað framhaldsnám fyrir félagsliða sem vilja sérhæfa sig í umönnun fólks með heilabilun. Námið var þróað og hannað í samstarfi Eflingarstéttarfélags, Bjarmalundar og Mímis-símenntunar. Námskeiðið var haldið á haustönninni og tókst það mjög vel.

Starfsfólk við umönnun hjá Landspítala háskóla-sjúkrahúsi sótti einingánám í svokallaðri Námsleið en boðið er upp á Námsleiðir I–III.

Vorið 2007 bauð Mímir-símenntun, í samstarfi við Reykjavíkurborg og Eflingu-stéttarfélag, í fyrsta skipti upp á sérstakt fagnámskeið fyrir starfsfólk sem starfar við heimajónustu.

Á árinu voru haldin nokkur fagnámskeið fyrir starfsmenn Leikskóla Reykjavíkur. Þau eru undanfari Leikskólalíðar sem er tveggja ára einingánám. Brautskrást nemendur að námi loknu sem leikskólalíðar. Á árinu útskrifuðust fyrstu þrjár hópar leikskólalíða frá Mími-símenntun, alls 77 konur. Sjö hópar nemenda í leikskólalíðu stunduðu nám árið 2007 þar af tveir hópar sem hófu nám á árinu.

## Nemendastundir 2007 skipt eftir flokkum



Mikil skráning var í Jarðlagnatækni eins og árið áður enda hefur námið öðlast sess á vinnumarkaði. Eingöngu karlar stunduðu námið og luku 19 námskeiðinu vorið 2007.


Á vorönn 2007 hélt Mímir-símenntun í fyrsta skipti námsleiðina Færni í ferðajónustu I sem er 60 kennslustundir. Námið er ætlað starfsmönnum í ferðajónustu eða þeim sem stefna að starfi í greininni.

## Almenn námskeið

Til almennra námskeiða teljum við þau námskeið sem ekki falla beint undir ákveðna starfsgrein. Í mörgum tilfellum er um að ræða nám sem er til þess fallið að styrkja undirstöðuþekkingu og færni þátttakenda. Dæmi um þetta er námsleiðin Aftur í nám sem ætluð er fólki með lestrarörðugleika. Hún hefur notið mikilla vinsælda og var haldin fimm sinnum á síðasta ári. Áhuga vekur hversu oft nemendur úr Aftur í nám halda áfram í aðrar námsleiðir hjá Mími-símenntun. Þannig fara margir í Grunnmenntaskólann eftir að hafa lokið námsleiðinni Aftur í nám. Aðsókn að Grunnmenntaskólanum hefur verið mjög mikil. Einnig koma margir þátttakendur í Grunnmenntaskólann eftir ráðgjöf hjá náms- og starfsráðgjöfum Mímis-símenntunar.

Sem fyrr bauð Efling-stéttarfélag, í samstarfi við Mími-símenntun, upp á Starfslokanámskeið fyrir

## Nám fyrir atvinnulífið – Nemendastundir



# NÁM FYRIR ATVINNULÍFIÐ



félagsmenn sína og maka þeirra. Haldin voru þrjú 14 stunda námskeið sem tókust mjög vel. Þetta er fastur liður í starfinu og er alltaf mikil aðsókn að þessum námskeiðum.

Eins og áður hóf einn nemendahópur nám í Landnemaskólanum á árinu.

Deildin sá einnig um námskeið fyrir félög og vinnustaði, t.d. samskipta- og þjónustunámskeið, færni- möppugerð, námskeið fyrir fanga og fleira.

## **Nám fyrir fólk án atvinnu**

Mímir-símenntun stóð að Karla- og Kvennasmíðjum í samstarfi við Velferðarsvið Reykjavíkur og Tryggingastofnun ríkisins. Tíu konur luku námi í Kvennasmíðju vorið 2007 og þrettán karlar luku námi úr Karlasmíðju hjá Mími-símenntun um haustið. Þetta eru 18 mánaða námsleiðir fyrir fólk sem átt hefur erfitt með að fóta sig á vinnumarkaði, þar sem kennt var 4-5 morgna í viku. Ekki varð um framhald samstarfsins að ræða þar sem þessi námstilboð fluttust til Námsflokka Reykjavíkur.

Þá sá Nám fyrir atvinnulífið um námskeið fyrir fólk án atvinnu í samvinnu við Vinnumiðlun höfuðborgarsvæðisins. Um er að ræða tvö námstilboð; annars vegar Aftur í starf, sem er 70 stunda almennt nám og hins vegar 20 stunda sjálfstyrkingarnámskeið. Haldin voru tvö sjálfstyrkingarnámskeið og tvö Aftur í starf námskeið.


## **Námskeið í samstarfi við Félagsmálaskóla alþýðu**

Á árinu var áfram unnið samkvæmt þjónustusamningi við Félagsmálaskóla alþýðu um félagslega fræðslu og námskeið fyrir talsmenn verkalyðshreyfingarinnar. Sem fyrr voru námskeið fyrir trúnaðarmenn stærsti þátturinn en þau voru 24 á árinu. Auk þess voru haldin 14 námskeið sem hugsuð eru fyrir stjórnir, starfsmenn og annað lykilmál stéttarfélaganna. Nemendastundum fækkaði ef miðað er við árið 2006. Skýringanna má m.a. leita í því að flest félög innan ASÍ voru með lausa samninga á árinu. Það hafði líka áhrif á hvers konar námskeið voru haldin. Þannig voru haldin þrjú námskeið

# NÁM FYRIR ATVINNULÍFIÐ



## Félagsmálaskóli alþýðu – Nemendastundir



um samskipti innan samninganefnda, tvö námskeið í samningatækni, fimm námskeið í túlkun talna og eitt námskeið sem bar yfirskriftina: Formlegur undirbúningur fyrir kjarasamninga.

### Námskrár og þarfagreiningar

Deildin tók að sér nokkur verkefni fyrir Fræðslumiðstöð atvinnulífsins á árinu. Þar var um að ræða greiningu á fræðsluþörf fyrir Umhverfis- og framkvæmdasvið og einnig sá deildin um gerð tveggja námskráa, þ.e. námskrá um fagnámskeið fyrir leikskóla og námskrá fyrir þjónustuliða sem ætluð er starfsfólki við ræstingar og bítibúr.



# NÁMS- OG STARFSRÁÐGJÖF



Verkefnið Náms- og starfsráðgjöf á vinnustað byggir á samningi Mímis – símenntunar og Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins frá upphafi árs 2006. Meginmarkmið verkefnisins er að hvetja fólk á vinnumarkaði, einkum þá sem hafa stutta skólagöngu að baki og fólk af erlendum uppruna, til að styrkja stöðu sína á vinnumarkaði með þátttöku í símenntun og starfsþróun. Þetta er gert með því að veita einstaklingum upplýsingar um námskeið og námsleiðir,


kynna möguleika á styrkjum úr fræðslusjóðum og hvetja ráðþega til að styrkja persónulega færni og starfsfærni. Náms- og starfsráðgjafar Mímis halda kynningarfundir á vinnustöðum og bjóða upp á einstaklingsviðtöl. Einnig kemur fólk í viðtöl í hús-næði Mímis til að fá ráðgjöf um nám og störf og raunfærnimat.

Nokkur aukning hefur orðið milli ára á fjölda kynninga á vinnustöðum og á einstaklingsviðtölum (sjá mynd). Á árinu 2007 voru haldnir 88 kynningarfundir á 60 vinnustöðum þar sem um 1200 manns mættu á fundina. Á kynningarfundum eru einstaklingar hvattir til að nýta sér þjónustu ráðgjafa og er boðið að skrá sig í viðtal. Veitt voru 745 einstaklingsviðtöl á árinu. Í einstaklingsviðtölum gefst tækifæri til að aðstoða ráðþega við að átta sig á eigin stöðu og starfsþróun, skoða möguleika á námi, greina hindranir og gera áætlun um næstu skref.

Töluvert hefur aukist að erlendir starfsmenn leiti til náms- og starfsráðgjafa. Hafa þeir einkum leitað eftir aðstoð við að kanna möguleika á mati eða viðurkenningu á námi og/eða starfsréttindum sem aflað hefur verið erlendis. Oft er um að ræða einstaklinga sem hafa menntun frá heimalandi sem ekki nýtist í starfi þeirra hér á landi. Eins leita þeir eftir upplýsingum um nám og aðra möguleika til starfsþróunar.

Með því að veita starfsmönnum svigrúm til að taka þátt í verkefninu Náms- og starfsráðgjöf á vinnustað bjóða fyrirtæki upp á þjónustu sem er nýbreytni fyrir fólk á vinnumarkaði. Ávinningur fyrirtækis ætti meðal annars að felast í aukinni færni, starfsánægju og almennum lífsgæðum starfsmanna. Þegar hlúð er að starfsfólki hefur það áhrif á líðan einstaklingsins í starfi. Styrkur starfsmanna er styrkur fyrirtækis.

## Einstaklingsviðtöl 2006 – 2007



Náms- og starfsráðgjöf			
	Kynningarfundir	Fjöldi vinnustaða	Fjöldi einstaklinga á kynningum
2006	55	44	770
2007	88	60	1.210

# ERLENT SAMSTARF



## Multi

Á árinu lauk norræna samstarfsverkefnið MULTI. Í verkefnið var lögð áhersla á að þróa hagnýtar aðferðir við framkvæmd fullorðinsfræðslu fyrir nýbúa. Farið var yfir aðferðir sem snúa að stjórnendum, náms- og starfsráðgjöfum og kennurum. Sjá nánar á heimasíðu verkefnisins <http://www.multikulturel.com/>

## Raunfærnimat

Á vormánuðum 2007 fóru tveir starfsmenn Mímis-símenntunar til Östersund í Svíþjóð á undirbúnings- og kynningarfund um raunfærnimat iðngreina. Svíar kynntu þar hvernig þeir standa að raunfærnimati. Auk starfsmanna Mímis voru þátttakendur frá Iðunni fræðslu- og fundinum, auk fulltrúa frá Oppland í Noregi og Álandseyjum. Í framhaldi af fundinum var sótt um Nordplus-verkefni til að mynda tengslanet á milli þessara landa.

Nordplus-verkefnið byggir á því að hópurinn kynni sér símenntun fullorðinna og raunfærnimati hjá samstarfslöndunum. Fyrsta heimsókn hópsins var til Mímis í ágúst 2007 og stóð í tvo daga. Gestum var kynnt starfsemi Mímis-símenntunar, Iðunnar fræðslu- og Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins. Næstu heimsóknir munu verða til Oppland í Noregi í byrjun febrúar 2008 og til Álandseyja í byrjun maí 2008.

## Heilsuefning í námi

Verkefnið er styrkt af Nordplus og eru samstarfslönd Finnland, Noregur og Svíþjóð. Markmiðið er

að kanna hvort bætt líðan og betri heilsa hafi áhrif á námsárangur. Um er að ræða tilraunaverkefni þar sem léttir leikfimi, nuddi og hvatningu til heilsuefningar er fléttað inn í starfstengd námskeið.

## ABF í Norden

Hulda Ólafsdóttir gegnir formennsku í ABF í Norden sem eru samtök norrænna verkalyðsfélaga á sviði fullorðins- og alþýðufræðslu. Aðildarfélögin standa fyrir fullorðinsfræðslu og taka virkan þátt í að auka færni fólks á vinnumarkaði.

## Annað erlent starf

Fulltrúi Mímis-símenntunar sótti undirbúningsfund í Danmörku vegna umsóknar um norrænt samstarfsverkefni um þróun og gæði í námi fyrir starfsmenn sem starfa við heilbrigðis- og félagsþjónustu.

Þá sóttu fulltrúar frá Mími-símenntun eftirtaldir ráðstefnur, fundi og kynnisferðir um málefni fullorðinsfræðslu:

- Ráðstefnu í Svíþjóð um fullorðinsfræðslu á Norðurlöndum.
- Ráðstefnu um gæðamál í símenntun sem haldin var í Portúgal.
- Námsferð til Glasgow um hönnun, þróun og skipulag náms fyrir starfsmenn í ferðaþjónustu.
- Leonardó-ráðstefnu í Birmingham um gæðamál.
- Málþing um fullorðinsfræðslu í Brussel.

# ÞRÓUNARVERKEFNI



## Þróunarverkefni sem hófust á árinu 2007

### Gerð námsefnis fyrir nám í jarðlagnatækni

Markmið verkefnisins er að gera námsefni fyrir jarðlagnatækni sem er 300 stunda nám, kennt samkvæmt námskrá frá Fræðslumiðstöð atvinnulífsins. Þörf fyrir slíkt námsefni er mikil þar sem aðsókn hefur aukist að náminu, nemendahópurinn er mun fjölbreyttari en í fyrstu, mikil tækniþróun hefur orðið auk þess sem símenntunarmiðstöðvar á landsbyggðinni bjóða nú upp á námið. Ákveðið var að leggja áherslu á gerð námsefnis vegna þess hluta náms sem fjallar um jarðlagnir en þar er skortur á námsefni tilfinnanlegastur. Safnað var upplýsingum frá leiðbeinendum í þessum námsþætti og gerð drög að niðurröðun efnis. Enn er töluverð vinna eftir en gert er ráð fyrir að hægt verði að ljúka vinnunni fyrir áramótin 2008 – 2009. Verkefnið er styrkt af Starfsmenntaráði og samstarfsaðilar eru Orkuveita Reykjavíkur og Eflingu-stéttarfélag.

### Fagnámskeið í umönnun og aðhlyningu

Í lok árs 2007 hlaut Mímir-símenntun styrk frá Þróunarsjóði innflytjendamála til þess að aðlaga náms efni, sem notað er á fagnámskeiðum í umönnun og aðhlyningu, að nemendum sem ekki hafa íslensku sem sitt móðurmál. Jafnframt verða þróaðar kennslu aðferðir sem eru fallnar til þess að koma til móts við fólk með þörf fyrir ólíkar námsnálganir. Þróaðar verða leiðir til að meta nám og verkefni sem falla

að tilgangi námskeiðanna og þörfum nemendanna. Um er að ræða fjölbreytt náms- og kennslugögn þar sem farið er yfir helstu lykilatriði viðfangsefna hverju sinni og með því er tryggður skilningur á efninu bæði hvað varðar íslensku og innihald.

### Íslenska í lífi og starfi

Þetta er samstarfsverkefni Mímis-símenntunar og Landspítala-háskólasjúkrahúss. Markmiðið er að gera nám í starfstengdri íslensku markvissara og að laga námsefni og námskeið að þörfum LSH. Áhersla er lögð á þarfagreiningu, rauntengt námsefni og fjölbreyttar kennslu aðferðir sem taka mið af ólíkum starfssviðum og starfsþróun nemenda. Verkefnið er styrkt af Starfsmenntaráði og Eflingu-stéttarfélagi.

### Lesum og lærum íslensku

Markmið þessa verkefnis er að greina orsakir lestrarörðugleika innflytjenda og að finna námsleiðir sem nýtast til þjálfunar í lestri, framburði og skrift í hagnýtum tilgangi. Hluti af verkefninu er sjálfsstyrking og hvatning til frekara náms. Samstarfsaðilar eru Alþjóðahús, Hólmfríður E. Guðmundsdóttir og Guðrún J. Benediktsdóttir Ron Davis þjálfarar. Verkefnið er styrkt af Starfsmenntaráði og Eflingu-stéttarfélagi.



# ÞRÓUNARVERKEFNI

## Eldri þróunarverkefni sem unnið var að á árinu 2007

### Náms- og starfsráðgjöf fyrir erlenda starfsmenn

Á árinu var að mestu lokið við vinnu á þróunarverkefninu Náms- og starfsráðgjöf fyrir erlenda starfsmenn á íslenskum vinnumarkaði. Útbúin var verkfæramappa fyrir ráðgjafa þar sem safnað var saman upplýsingum og aðferðum sem nýst geta í ráðgjöf fyrir erlenda starfsmenn. Verkefnið eru þýdd á ensku og pólsku. Einnig hafa verið þýddar upplýsingar um verkefnið og fleira tengt ráðgjöf og aðstoð á þessi tvö tungumál og settar á heimasíðu Mímis - símenntunar. Samstarfsaðilar eru FA, Efling og VR. Verkefnið er styrkt af Starfsmenntasjóði félagsmálaráðuneytisins.

### Netorðabók

Markmiðið er að gera víetnamska-íslenska/íslenska-víetnamska orðabók á netinu. Netorðabókin er auðveld í notkun og gefur bæði þýðingar á orðum og dæmasetningar. Lögð er jöfn áhersla á daglegt mál og orðaforða sem nýtist vel á vinnumarkaði. Heildarverkið er á lokastigi en vegna fjárskorts gengur það hægar en áætlað var. Áætluð útkoma netorðabókarinnar er í lok maí 2008. Aðilar sem styrkja verkefnið eru Starfsmenntaráð, menntamálaráðuneytið, Starfsafl og Reykjavíkurborg.

### Nám fyrir öryggisverði

Unnið hefur verið að gerð námskrár fyrir starfandi öryggisverði. Hlutverk Mímis-símenntunar í þeirri

vinnu hefur verið ráðgjöf um kennslu og uppbyggingu námsins. Stefnt er að því að námið hefjist á haustönn 2008 en undirbúningur að framkvæmd og skipulagningu námsins er hafinn. Starfsafl styrkir gerð námsefnis.

### Litli málfræðingurinn

Málfræðihandbók ætluð fullorðnum nemendum í íslensku fyrir útlendinga. Hún mun innihalda einfaldar og myndrænar útskýringar á málfræðiatríðum. Tilraunaútgáfa kom út á árinu en unnið er að endanlegri útgáfu. Menntamálaráðuneytið styrkti gerð handbókarinnar.

### Íslenska fyrir alla 4

Þessi bók er framhald af Íslensku fyrir alla 1, 2 og 3 sem eru bækur kenndar á íslenskunámskeiðum Mímis. Fyrsta útgáfa kom út í janúar 2008. Menntamálaráðuneytið styrkti gerð bókarinnar.

### Félagsliði í nýju landi

Félagsliðanám fyrir erlenda starfsmenn hófst í janúar 2007 og tekur 5 annir. Markmið verkefnisins er að aðlaga og þróa námsefni sem er notað í hefðbundnu félagsliðanámi til að auka tækifæri erlendra starfsmanna og styrkja stöðu þeirra á vinnumarkaði. Verkefnið er styrkt af Eflingu-stéttarfélagi.



# ÞRÓUNARVERKEFNI

## Þróunarverkefnum sem lauk á árinu 2007

### Að lesa og skrifa

Markmið þessa verkefnis var að greina lestrar- og ritunarferni fullorðinna nemenda og að þróa fjölbreyttar kennsluáferðir og námsefni í íslensku til þess að geta sem best komið til móts við þarfir nemenda með ólíkar námsnálganir. Verkefnið var styrkt af menntamálaráðuneytinu.

### Mat á tveimur námstilboðum; Grunnmenntaskólanum og Jarðlagna-tækninni

Markmið verkefnisins var að skoða og bera saman þessi tvö námstilboð, bera kennsl á þætti sem stuðla að árangri og finna þætti sem betur mega fara. Verkefnið var styrkt af menntamálaráðuneytinu.

### Bættu um betur - bílgreinar

Þetta er samstarfsverkefni Mímis-símenntunar, Borgarholtsskóla, Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins, Iðunnarfræðsluseturs, Félags iðn- og tæknigreina og Bílgreina-sambandsins um raunfærnimat fyrir einstaklinga sem hófu nám í bílgreinum, luku því ekki en starfa innan bílgreina. Alls tóku 23 aðilar þátt og metnar einingar í raunfærnimati voru 671. Það jafngildir að meðaltali 29 einingum á hvern einstakling sem tók þátt í verkefninu. Verkefnið var styrkt af Starfsmenntaráði.

### Fræðsluefni fyrir fanga

Markmið verkefnisins var að hanna náms- og kennslugögn fyrir afbrotamenn þar sem leitast er við að fangar sættist við sjálfa sig, gjörðir sínar og verði tilbúnari til að takast á við framtíðina. Náms- og kennslugagnagerðin tók mið af þörfum þessa markhóps og breytingum sem hafa átt sér stað í samsetningu hans með tilliti m.a. til aldurs, menntunar og félagslegrar stöðu. Starfsmenntaráð styrkti verkefnið. Í kjölfarið var haldið námskeið fyrir fanga á Litla Hrauni þar sem ofangreind náms- og kennslugögn voru notuð. Dómsmálaráðuneytið styrkti það nám.

### Færnimappa 50+

Færnimappa er tæki sem notað er til að skrá færni einstaklinga á sem breiðustu sviði. Verkefnið fólst í því að aðlaga fyrri útgáfu Færnimöppu að þörfum starfsmanna 50 ára og eldri. Verkefnið var styrkt af Starfsmenntaráði.

### Handbók í námstækni fyrir fullorðna nemendur

Lokið var við gerð handbókarinnar og hún tilrauna-kennð á árinu. Síðan var sú reynsla nýtt til að leggja lokahönd á verkið. Handbókin var unnin með styrk frá Starfsmenntaráði.



# REKSTRARDEILD

Mímir-símenntun hélt áfram að styrkja stöðu sína á árinu með aukinni veltu og bættri afkomu. Mímir skilaði hagnaði upp á 6.350.765 kr. Þar með hefur taprekstri fyrstu tveggja rekstrarára verið mætt að fullu. Veltan hefur vaxið um 27.5% á milli ára. Efnahagsreikningur er í jafnvægi, félagið er hvorki með langtímaskuldir né yfirdrátt. Samhliða vextinum hefur verið lögð aukin áhersla á áætlanagerð og kostnaðareftirlit.

Mímir hefur tekið upp formlegt skjalastjórnunarkerfi sem sett er upp út frá leiðbeiningum alþjóðastaðalsins ISO 15489. Stýrihópur þriggja starfsmanna hefur haldið utan um verkefnið og notið

handleiðslu ráðgjafa frá Skipulagi og skjölum ehf. Gerður var samningur við Skýrr um Microsoft Office Sharepoint Server hugbúnað fyrir skjalasafnið og virkar hann einnig sem innri vefur fyrirtækisins. Skjalastjórnun er liður í bættri nýtingu þeirra verðmæta sem verða til í fyrirtækinu og aukinni hagræðingu daglegra starfa.

Vefur Mímis, mimir.is var endurhannaður á árinu. Vefurinn er mikilvægasta leið Mímis til kynningar á starfseminni. Með nýja vefnum er lögð aukin áhersla á miðlun efnis til útlendinga og er efni hans í vaxandi mæli þýtt yfir á ensku og pólsku.

## Rekstrarreikningur 2007

	2007	2006
<b>Rekstrartekjur</b>		
Námskeiðahald	162.085.230	160.676.790
Aðrar tekjur	92.714.773	39.327.143
	<u>254.800.003</u>	<u>200.003.933</u>
<b>Rekstrargjöld</b>		
Kostnaður við námskeiðahald	111.696.414	95.082.529
Laun og tengd gjöld	100.261.612	75.122.301
Annar rekstrarkostnaður	37.231.497	26.841.409
Afskriftir	2.087.408	1.153.735
	<u>251.276.931</u>	<u>198.199.974</u>
Hagnaður fyrir fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	3.523.072	1.803.959
<b>Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld</b>		
Vaxtatekjur og verðbætur	2.853.510	2.137.730
Vextir, verðbætur og gengismunur	(25.817)	(17.292)
	<u>2.827.693</u>	<u>2.120.438</u>
<b>Hagnaður ársins</b>	<u>6.350.765</u>	<u>3.924.397</u>



# REKSTRARDEILD


## Efnahagsreikningur 2007

### Eignir

	2007	2006
Fastafjármunir		
Varanlegir rekstrarfjármunir:		
Áhöld og tæki	8.349.646	4.614.937
Fastafjármunir	<u>8.349.646</u>	<u>4.614.937</u>
Veltufjármunir		
Skammtímakröfur:		
Viðskiptakröfur	24.683.052	14.421.088
Aðrar kröfur	262.703	214.227
Handbært fé:		
Sjóður og bankainnistæður	12.887.072	13.733.563
Veltufjármunir	<u>37.832.827</u>	<u>28.368.878</u>
<b>Eignir samtals</b>	<u><b>46.182.473</b></u>	<u><b>32.983.815</b></u>

## Afkoma Mímis-símenntunar 2003 – 2007

■ Hlutfall af tekjum





Mímir-símenntun · Skeifunni 8 · 108 Reykjavík · Sími 580 1800 · Netfang: [mimir@mimir.is](mailto:mimir@mimir.is)

[www.mimir.is](http://www.mimir.is)